

GUÐNÝ JÓHANNESDÓTTIR

LÍFIÐ MEÐ LESBLINDU VIÐTAL VIÐ HELGA INGIMARSSON NEMANDA Í FARSKÓLA NORÐURLANDS VESTRA



Guðný Jóhannesdóttir

Helgi Ingimarsson á Sauðárkróki hætti námi um áramót veturinn sem hann var í níunda bekk (nú tíundi bekkur), en hann hafði í gegnum alla sína skólagöngu barist við lesblindu án þess að fá hana nokkurn tímann viðurkennda. Hann upplifði sig alltaf sem bæði latan og illa gefinn í skólanum. Skólastjórinn spurði hvort hann ætlaði alla tíð að vera blettur á þjóðfélaginu. Það var ekki fyrr en fyrir þremur árum að Helgi fékk uppreisn æru, er eiginkona hans skráði hann í lesblindugreiningu hjá Farskóla Norðurlands vestra. Viðtalið tók Guðný fyrir fréttablaðið Feyki, 30. september 2010.

Helgi tekur á móti blaðamanni á fallegu heimili sínu við Eskihlíð á Sauðárkróki. Við hittumst seinni part á sunnudegi og er Helgi nýkominn frá því að sækja hross yfir í Hjaltadal.

Ég finn að Helgi er örlítið kvíðinn fyrir viðtalinu og segi hughreystandi að ég hafi enn sem komið er ekki misst viðmælanda. Við hlæjum bæði en eftir því sem líður á viðtalið geri ég mér grein fyrir ástæðum kvíða Helga, sem hugsar með hryllingi til skólagöngu sinnar. – Hún var bara martröð, það eru engin önnur orð yfir hana. Allt lesefni lá illa fyrir mér og í framhaldinu átti ég í erfiðleikum með allt nám. Ég hafði góða kennara inn á milli en síðan kom alltaf nýr kennari á hverju hausti og það var eins og upplýsingar um mig gengju aldrei á milli kennara og ég var alltaf kominn aftur á byrjunarreit. Ég var látinn lesa upp fyrir framan allan bekkinn sem var náttúrulega algjör martröð fyrir mig. Haust eftir haust var ég settur í þessar aðstæður sem í framhaldinu buðu upp á það einelti sem ég varð fyrir, rifjar Helgi upp.

Sjálfur segist hann ekki hafa átt neina vini úr sínum árgangi og að hann hafi ekki haft áhuga á að fara á bekkjar-mót. Svo djúpt ristir lífsreynsla hans úr skóla, öllum þessum árum síðar. Það mætti kannski telja að viðmælandi minn væri kominn hátt á sjötugsaldur en svo er ekki. Helgi er ekki nema 38 ára gamall.

Var aldrei boðið upp á neina greiningu? – Nei, ekki hér. Mágkona mömmu sem þá var kennari við Melaskóla kom henni í samband við sérkennara þegar ég var níu ára gamall. Við mamma fórum suður til Reykjavíkur í nokkra daga en sú ferð var algjörlega að frumkvæði mömmu. Ég var látinn taka próf þar sem ég skoraði lágt á sumum sviðum en á öðrum skoraði ég á við 14 ára ungling. Greiningin sem ég fékk hét

ekki lesblinda á þeim tíma en mamma fékk engu að síður plagg þess efnis að ég ætti í örðugleikum með lestur. Mamma fór með plaggið til skólastjórans en þar virðist það einungis hafa endað ofan í skúffu því haustið eftir byrjaði allt á sama veg. Ég var látinn lesa upp í tíma og kom algjörlega niðurbrotinn heim. Mamma hafði þá samband við kennarann minn sem hafði aldrei séð plaggið. Þannig gekk þetta ár eftir ár að ég var pikkaður upp og gerður að fífl fyrir framan alla, aldrei var ég beðinn afsökunar heldur var mér látið líða eins og ég væri bæði latur og heimskur. Síðan var farið að taka mig út úr tímum og þá hófst söngur hjá samnemendum sem fannst ósanngjarnt að ég færi úr tíma en ekki þeir. Ég einangraði mig því félagslega og leið mjög illa. Þegar ég hugsa til baka til skólagöngu minnar fæ ég einfaldlega hroll, segir Helgi.

ÆTLAR ÞÚ AÐ VERA BLETTUR Á ÞJÓÐFÉLAGINU?

Fermingarárið sitt fór Helgi að vinna hjá útgerðinni og vann hann þar tvö sumur. Haustið sem hann fór í níunda bekk vann hann með skólanum og um áramót ákvað hann að fara ekki aftur í skólann. – Öfugt við skólann leið mér vel í vinnunni. Þar var ég alls ekki útundan félagslega jafnvel þó vinnufélagarnir væru allir eldri en ég. Ég fór að skrópa í skólann enda langaði mig ekki að vera þar, ég var farinn að sækja í að láta reka mig út úr tímum. Í eitt skipti sem ég hafði verið rekinn út tilkynnti ég skólastjóranum að ég væri hættur. Þá horfði hann á mig og sagði; – Ætlar þú að vera blettur á þjóðfélaginu? Þetta voru stór orð við ungling og lengi vel þorði ég ekki að segja mömmu hvað hann hefði sagt við mig. Ég hætti í skólanum en orð skólastjórans sátu í mér og gera enn. Við vorum tveir sem hættum í skólanum þennan vetur og

auðvitað var þetta á milli tannanna á fólki enda mátti þetta strangt til tekið ekki. Ég lét mér fátt um finnast enda átti ég stuðning míns fólks og fór að vinna hjá útgerðinni.

Þrátt fyrir að hafa lent í miklu mótlaeti leitaði Helgi aldrei huggunar í áfengi eða öðrum vímugjöfum og áfengi hefur hann aldrei smakkað. – Það má segja að skepnurnar sem pabbi var alltaf með hafi bjargað mér og eins átti ég fullorðna menn sem góða og trausta vini. Í þeirra hópi var ég einn af félögunum. Þetta voru karlar sem voru eldri en pabbi. Ég var ekki nema 12 ára þegar ég fór fyrst ríðandi yfir Kjöl með þrjá gamla karla með mér. En þetta voru vinir mínir og þeir voru ekki að agnúast út í það hvort ég gæti lesið eða ekki.

Ég spyr Helga út í hvernig honum hafi gengið þegar kom að því að taka bílpróf? – Það gekk vel, móðir mín hlýddi mér yfir textana og eins tekst mér yfirleitt mjög vel til með krossa-spurningar, mun betur en þegar ég þarf að koma hlutunum niður á blað. Það fer svo mikil orka í að lesa spurninguna að oft og tíðum er ekki mikil orka eftir til þess að skrifa svörin, þó er ég ekki skrifblindur. Eins fór ég í meiraprófið og það gekk líka vel. Eigi að síður fer maginn á mér algjörlega í hnút þegar ég heyri minnst á orðið próf, svarar Helgi og er greinilegt á öllu að konurnar í lífi hans, móðir hans og eiginkona hafa reynst honum sannir bandamenn. Það var einmitt Védís eiginkona Helga sem var búin að skrá hann í lesblindugreiningu hjá Þóru Björk í Farskólanum eitt sinn er hann kom heim af sjónum.

– Ég hafði sjálfur lengi velt þessu fyrir mér en orðið skóli var nóg til þess að fæla mig frá. Síðan hafði ég alltaf þá afsökun að ekki væri boðið upp á svona námskeið hér fyrir norðan heldur þurfti að fara suður auk þess sem þau voru dýr. Það var því hið besta mál að hún skyldi taka af skarið með þetta, segir Helgi og Védís sem hefur setið með okkur á orðið. – Sonur okkar hafði þá nýlega greinst með lesblindu og það var ekki síður til þess að hjálpa honum að ég skráði Helga í þessa greiningu og í framhaldinu á Ron Davis námskeiði (námskeiðið heitir Aftur í nám og er ein af vottuðum námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, athugasemd frá ritstjórn Gáttar) í Farskólanum. Sjálf höfum við hvað varðar son okkar mjög góða upplifun af starfinu í skólanum og hvernig tekið er á hans málum þar. Öllum samnemendum hans hefur verið gerð grein fyrir vandanum og því verður



Helgi Ingimarsson

vandamálið honum mun léttara viðfangs en það var pabba hans á sínum tíma, segir Védís.

ÉG ER Í DAG EKKI GREINDUR HÁLFVITI

– Ég játa að ég var skíthræddur við að fara í þetta enda hafði skömmin yfir þessu alltaf verið svo mikil. En sú upplifun mín var farin að smita hér inn á heimilið gagnvart syni okkar og því varð ég að fara að gera eitthvað í mínum málum. Það var rosalega gott að fá þessa greiningu og um leið viðurkenningu á því að maður væri ekki hálfviti. Auðvitað vissi ég það einhvers staðar djúpt undir niðri sjálfur, segir Helgi og glottir.

– Það er nefnilega þannig að við sem eru lesblind fáum oft eitthvað annað í staðinn. Ég hef til dæmis mjög gott sjón-

og ratminni og ég þarf ekki að hafa farið leið nema einu sinni til að rata hana aftur. Védís hafði mikið reynt að byggja mig upp í gegnum árin en ég sjálfur braut mig niður jafn harðan.

Þessi greining og þetta námskeið er eitt það besta sem fyrir mig hefur komið. Þarna vorum við 11 eða 12 í sömu stöðu og í heila viku frá klukkan átta til fimm sátum við og vorum að leira stafi, við sem erum lesblind sjáum allt myndrænt. Bara það að vera innan um fólk sem hafði gengið í gegnum það sama og ég og geta rætt við það um þessa upplifun hjálpaði mér mikið. Ég sé alls ekki eftir því að hafa farið á þetta námskeið eða leiðréttingu eins og ég kalla það. Ég er í dag ekki greindur hálfviti.

Helgi getur í dag lesið blöð og tímarit sér til ánægju en þykkur bækur leggur hann ekki í. – Ég þarf að hafa gott næði til þess að geta lesið, það kostar mikla einbeitingu af minni hálfu. Þóra Björk prófaði að láta mig lesa af glærum með mismunandi litum en fyrir mig er verst að lesa svarta stafi á hvítum grunni.

MÍN VANLÍÐAN VAR ALVEG AÐ GERA ÚT AF VIÐ MÖMMU

Helga verður í viðtalinu tíðrætt um þær kynslóðir fólks sem ólust upp við einelti og skilningsleysi sökum lesblindu sinnar enda eru alls ekki mörg ár síðan lesblindu varð viðurkennt vandamál á Íslandi. Helgi segir að mikilvægt sé að viðurkenna vandamálið strax frá upphafi og vinna með það sem slíkt, en lesblindum eru oft gefnar aðrar náðagáfur til að takast á við vandann. – Tungumál voru mér sérstaklega erfið og voru þeir tímar mér erfiðir. Þá sat ég bara þarna algjörlega utanveltu og líðanin eftir því. Kannski var það þess vegna sem mamma studdi mig þegar ég ákvað á sínum tíma að hætta í skóla, því mín vanlíðan var alveg að gera útaf við hana, segir Helgi og á nýjan leik dimmir yfir svip hans er skólagaanga æskunnar er rifjuð upp.

– Það voru í rauninni eingöngu tveir kennarar sem reyndust mér sérstaklega vel varðandi bóklegar greinar, og sem ég leit upp til. Ég hugsa hlýlega til þeirra enn í dag. Til hinna kennaranna get ég aldrei litið upp til, segir Helgi. Tilfinningar hans eru í samræmi við upplifun hans af skólaárunum.

– Ég var á þessum árum orðinn svo viðkvæmur fyrir

gagnrýni að ég þoldi ekki að vera í hópíþróttum, þar sem ég gat átt á hættu að vera skammaður fyrir mistök, heldur sótti ég í einstaklingsíþróttir og gekk vel í hestaíþróttinni.

EKKI UPPGJAFARMAÐUR Í EÐLI SÍNU

Helgi hefur mestan hluta starfsævi sinnar starfað hjá útgerðinni, ýmist á sjó eða í landi. Undanfarin ár hefur hann unnið í landi. Fyrst á unglungaheimilinu Háholti þar sem hann kunnir vel við sig og nú síðast í Mjólkursamlaginu. – Þegar ég vann hjá útgerðinni við löndunina þurfti ég stundum að skrifa vinnuskýrslur og fleira og þá æfði ég mig heima. Ég miklaði það mikið fyrir mér en á endanum var það allt í góðu lagi, segir Helgi. Þrátt fyrir að hafa hætt í skóla hefur hann aldrei í lífi sínu gefist svo auðveldlega upp. – Ég var alltaf sjóveikur þegar ég fór á sjóinn aftur eftir frítúra en ég lét það aldrei aftra mér frá því að sækja þessa vinnu, heldur lét mig hafa það. Frekar hefði ég drepist en að gefast upp, segir Helgi.

Við fellum talið og blaðamaður sem ávallt hefur átt við sjóveiki að glíma getur ekki annað en tekið ofan fyrir mannum sem aldrei gefst upp.

UM HÖFUNDINN

Guðný Jóhannesdóttir er ritstjóri héraðsfréttablaðsins Feykis og fréttamiðilsins feykis.is.